

Teymisstjóri

Einn fulltrúi skólans tekur að sér stjórn þess. Hlutverk teymisstjóra er m.a.:

- Að sjá um fundarboðun og fundarstjórn.
- Að undirbúa teymisfundina, m.a. að safna nauðsynlegum upplýsingum fyrir fundina s.s. frá öðru starfsfólki skólans sem kemur að vinnu með barnið.
- Að halda utan um öll gögn varðandi barnið s.s. skýrslur og greiningargögn.
- Að hafa yfirumsjón með gerð einstaklingsnámskrár.
- Að bera ábyrgð á að annað starfsfólk skólans sem hefur með málefni barnsins að gera fái nauðsynlegar upplýsingar um það.
- Að skrifa fundargerðir og senda út til allra í teyminu. Á heimasíðu Skólaskrifstofu www.skolasud.is má finna eyðublað sem ætlað er fyrir fundargerðir teymis.

Hvers vegna teymisvinna?

Niðurstöður könnunar starfsfólks Miðstöðvar heilsuverndar barna (2008) sýnir að teymisvinna skilar oft góðum árangri.

Þar kemur fram að þeim börnum sem höfðu virk teymi á bak við sig gekk mun betur á mörgum sviðum.

Almenn liðan barna er betri, bætt samskipti eru við kennara og markvissari úrræði urðu til í skólanum.

Ætlaður árangur teymisvinnu er m.a.

- Allt utanumhald verður auðveldara.
- Aukin samvinna allra aðila sem að málefnum barnsins koma.
- Aukið samræmi í aðgerðum allra hlutaðeigandi.
- Aukið aðhald fyrir skóla og foreldra.
- Markvissari og árangursríkari vinna með barnið.
- Betri eftirfylgni.

Útgefið af Skólaskrifstofu Suðurlands í júní 2010

Unnið af Eddu G. Antonsdóttur sérkennslu- og kennsluráðgjafa og Hrafnhildi Karlsdóttur leikskóla- og sérkennsluráðgjafa.



SKÓLASKRIFSTOFA
SUÐURLANDS

Teymisvinna í skólum

HLUTVERK
TILGANGUR
VINNULAG

JÚNÍ 2010

Teymisvinna í skólum

Velgengi barna með sérþarfir er að miklu leyti háð samvinnu foreldra, skóla og hinna ýmsu fagaðila er tengjast málum barnanna.

Ný lög um leik- og grunnskóla kveða á um eftirlitshlutverk sérfræðiþjónustu skóla vegna barna með sérþarfir. Í kjölfar þess hafa sérfræðingar Skólaskrifstofu Suðurlands lagt áherslu á að í skólunum séu mynduð teymi í kringum þau börn sem greinst hafa með sérþarfir og/eða fatlanir.

Megintilgangur teymisins er að halda utan um vinnu með barnið í skólanum til að tryggja samvinnu allra aðila og markvissa vinnu með barnið.

Hvað gerir teymið?

- Heldur utan um mál barnsins og samræmir aðgerðir heima og í skólanum.
- Setur markmið varðandi kennslu barnsins og hefur áhrif á hvernig meta skuli árangur.
- Tekur þátt í mótun og endurskoðun einstaklingsnámskrár.
- Með virkri þátttöku allra í teyminu finnur það leiðir til að bæta hegðun, líðan, félagslega aðlögun og námsárangur barnsins.
- Heldur reglulega fundi og fer yfir stöðu barnsins í skólanum. Misjafnt er hversu tíðir teymisfundir eru og fer það eftir eðli málsins hverju sinni.
- Kallar til utanaðkomandi aðstoð eða ráðgjöf annarra aðila sem ekki sitja reglulega teymisfundi.

Hverjir sitja í teymi?

Í teymi sitja foreldrar barns, umsjónarkennari, deildarstjóri, sérkennari og sérfræðingur frá Skólaskrifstofu Suðurlands.

Samsetning teymis fer þó einnig eftir þörfum hverju sinni. Auk áðurefndra geta komið að teyminu fleiri aðilar. Má þar nefna fleiri úr fjölskyldu barnsins eða frá skólanum, ráðgjafi frá Svæðis-skrifstofu um málefni fatlaðra, fulltrúi frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fulltrúi frá heilsugæslu og fulltrúi frá félagsþjónustu sveitarfélagsins.